

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Ísafirði 31. maí 2021

Efni; umsögn um Hvítbók um byggðamál, mál 115/2021 í Samráðsgátt.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vísar til tilkynningar í samráðsgátt þar sem óskað er eftir umsögnum um hvítbók um byggðamál – drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaáætlun til fimm ára. Jafnframt vísast til umsagnar Fjórðungssambandsins, dags. 27. janúar 2021 um Grænbók um sama málefni.

Almennt.

Í umsögn Fjórðungssambandsins um Grænbók Byggðaáætlunar er lýst ánægju með það vinnulag sem viðhaft hefur verið við undirbúning á endurskoðun Byggðaáætlunar með nýrri áætlun sem nær til fimmtán ára í stað sjö ára og með fimm ára framkvæmdaáætlun í stað þriggja ára. Samráð við gerð hvítbókar hefur verið með líkum hætti, nú síðast með fundum með landshlutasamtökum þar sem farið var yfir drög að Hvítbók. Þetta vinnulag á að vera til fyrirmyndar fyrir mótun stefnu og verkefnaáætlana í öðrum áætlunum stjórnvalda og treystir samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Að þessu sögðu, þá er í þessari umsögn áréttuð atriði í markmiðum og aðgerðaáætlun sem Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að koma eigi til viðbótar þeim markmiðum og aðgerðum sem sett eru fram í Hvítbók.

Framtíðarsýn og meginmarkmið.

Vísað er til áætlana samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, æskilegt væri að framtíðarsýn í öðrum áætlunum stjórnvalda er varða byggðamál yrðu hér einnig tilgreind.

Lykilviðfangsefni.

Í viðfangsefninu **Innviðir** telur Fjórðungssamband Vestfirðinga að tilgreina verði vegapjónustu þar undir sem eitt af lykilviðfangsefnum. Skipulag vegapjónustu og þá sérstaklega vetrarþjónustu á að styðja við atvinnulíf og samfélag og tryggja samgöngur allan sólarhringinn eða að lágmarki snemma morguns og fram til miðnætis. Óásættanlegt er núverandi fyrirkomulag þar sem fjárveiting á fjárlögum hvers árs ræður þjónustustigi án tillitis til ástands vegakerfis og veðurfars.

Vísað er hér til ályktunar 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið í október 2020,

Lýst er áhyggjum að framlög til vegapjónustu eru ekki að mæta aukinni umferð og ekki er mætt uppsöfnuðum halla á vetrarpjónustu í frumvarp til fjárlaga 2021. Augljóst er að ekki er hægt að reka málaflokkinn með þessum hætti og mæta ekki vaxandi þörf í takt við aukna eftirspurn. Hækka þarf framlag til að auka vetrarpjónustu milli þéttbýliskjarna Vestfjarða og innan vinnusóknarsvæða. Einnig telur Fjórðungssamband Vestfirðinga þörf á heildarendurskoðun á fyrirkomulagi vetrarpjónustu.

Um samfélagsleg áhrif.

Fjallað er um orkumál sem tæki til að jafna aðgengi að þjónustu og til að jafna tækifæri til atvinnu. Í umfjölluninni er áherslan á mikilvægi eflingu dreifikerfis raforku þ.e. þrífösun, jarðstrengjavæðingu og jöfnun orkukostnaðar. Hér er um að ræða lykilmál í byggðapróun en samhliða þarf einnig að fjalla um í Hvítbók, að staða flutningsmála raforku á landsbyggðinni dregur úr samkeppnishæfni þeirra svæða t.d. í samanburði við höfuðborgarsvæðið.

Horft til Vestfjarða þá er staðan í flutningsmálum á Vestfjörðum sú lakasta gagnvart öðrum landssvæðum. Innan landshlutans er framleidd um 40 % af meðal orkuþörf og er því landshlutinn alfarið háður flutningi raforku sem byggir á einni línu, Vesturlínu og jarðefnadrifnu varaafli. Í ályktun 65. Fjórðungsþings Vestfirðinga haldið í október 2020, segir um orkumál atvinnulífs

Í Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 er gerð greining á þróun launatekna almennings og hlutfallslegri afhendingargetu raforku á árabílinu 1992-2016 til þéttbýlisstaða á Íslandi. Niðurstöður greiningarinnar gefa skýrt til kynna að hin lága afhendingargeta raforku á Vestfjörðum hefur leitt til lægri launatekna á undanförunum áratugum og er því einn lykilþáttur fyrir neikvæðri þróun atvinnulífs og samfélaga. Ekki verður við það búið að þessi staða haldi áfram og verður að tryggja svæðinu sömu forsendur til vaxtar og annarra landshluta.

Síðan segir

Miðað við tímasetningar verkefna á Vestfjörðum sem kynntar eru í framkvæmdaáætlun 2020- 2024 og langtímaáætlun Kerfisáætlunar 2020-2029, þá er tæpt á að þær nái að fylgja þróun þeirrar sviðsmyndar sem Fjórðungssambandið og Vestfjarðastofa telja líklegasta til að lýsa framtíðarþróun í atvinnu- og mannlífi Vestfjarða, Vestfirðir í sókn. Alþingi hefur með þingsályktunartillögu um flutningsmál raforku (26/148) sett Vestfirði í forgang. 65. Fjórðungsþing Vestfirðinga hvetur til þess að Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029 fjalli betur um hvernig forgangur í málum Vestfjarða kemur fram. Að óbreyttu yrði staða Vestfjarða áfram líkt og um áratuga skeið um að framþróun í afhendingaröryggi verður stigi á eftir öðrum landshlutum og eða framkvæmdir eru eftir á í tíma. Við það verður ekki unað.

Áhrif þessa á að laða að ný verkefni til Vestfjarða er beinlínis hamlandi og eins er bein vöntun á afhendingu raforku að útiloka fjárfestingartækifæri. Staða á afhendingaröryggi raforku hefur á sama tíma mikil áhrif á búsetuskilyrði og er stór samverkandi þáttur í mikilli fækkun íbúa frá miðjum níunda áratug liðinnar aldar og haldið aftur af eðlilegri launapróun á svæðinu, samanber greiningu Landsnets.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til að í umfjöllun um samfélagsleg áhrif í Hvítbók verði einnig fjallað um stöðu flutningskerfis raforku og hvernig standa á að uppbyggingu þess. Vísa má til Kerfisáætlunar Landsnets sem og skýrslu starfshóps varðandi stöðu og úrbætur á raforkukerfi í kjölfar óveðra í desember 2019 og janúar 2020.

Um Markmið, mælikvarða og áherslur.

Telja verður að í framsetningu um markmið og undirmarkmiðum í Hvítbók sé komið inn á þau viðfangsefni sem hafa verið til umfjöllunar í byggðmálum á síðustu árum og til framtíðar, og er það vel. Tvær ábendingar eru hér settar fram.

Tímasetning aðgerða. Tímasetning aðgerða í Hvítbók er mikilvæg, en er samt að verulegu leyti vísað til umfjöllunar Alþingis um Byggðaáætlun. Æskilegt hefði verið að tímasetningar aðgerða væru skýrar tilgreind í Hvítbók þannig ljós væri forgangs röðun ráðuneyta á áætlunartímabilinu.

Kostnaðarmat. Mat á kostnaði á framkvæmd markmiða og verkefnaáætlunar og áætlaða skiptingu kostnaðar á milli ríkis og sveitarfélaga verður að vera ljós við afgreiðslu þingsályktunar um Byggðaáætlun. Forðast verður að hefja ný verkefni sem sveitarfélögum er ætlað að sinna, án þess að kostnaður hafi verið metin og markaðar tekjur liggi fyrir. Hér undir eru einnig tillögur um nýjar aðgerðir og eflingu verkefna á verkefnasviði landshlutasamtaka sveitarfélaga, án þess að fyrir liggi hvernig þau verði fjármöggnuð til viðbótar núverandi starfsemi t.d. aðgerð C11, uppsetning og rekstur matvælakjarna og verkefni B10, Stefnumótun og hlutverk menningarmiðstöðva.

Um aðgerðaráætlun til fimm ára.

Tekið er undir þær aðgerðir sem gerð er tillaga um en viðbótar eru hér settar fram tillögur um viðbætur eða nýjar aðgerðir.

B7 Störf án staðsetningar. - Viðbót. Öll störf verði auglýst sem störf án staðsetningar, nema að forstöðumaður ráðuneytis eða stofnunar komi með gildan rökstuðning. Nefnd landshlutasamtaka verði stofnuð til að setja forsendur og meta röksemdir stofnana. Nauðsynlegt að húsnæðisáætlanir stjórnvalda séu samstillt þessu verkefni og tryggir virkan húsnæðismarkað fyrir starfsmenn og maka þeirra.

C6 Húsnæðismál - Viðbót. Flutningskostnaður á byggingarefni verði jafnaður. Dregið verði úr misvægi byggingarkostnaðar m.a. með lækkun flutningskostnaðar á byggingarefni. Til að auka vægi aðgerðarinnar þarf hlutfall fjármagns ríkisins að hækka í byggingarverkefnum á mótí sveitarfélögum.

Mynda þarf hvata til að íbúðarhúsnæði í byggðarlögum standi ekki ónýtt langtímum saman, t.d. gera útleigu áhugaverðari t.d. með tímabundinni lækkun fjármagnstekjuskatts á leigutekjur af húsnæði á skilgreindum landssvæðum.

Nýtt verkefni Tryggja aðgengi að framhaldsskólamenntun, tengt verkefni A12. Stafræn kennsla og kennsluráðgjöf. Forráðamönnum barna á framhaldsskólaaldri verði ekki mismunað eftir búsetu m.a. að reka tvöfalt heimili eða setja þá í stöðu að velja um búsetu eftir aðgengi að framhaldsskóla. Stafræn kennsla og kennsluráðgjöf getur ekki komið alfarið fyrir staðbundna kennslu hér þarf gæta mjög að jafnræði nemenda.

Verkefni í menningarmálum.

Í umfjöllun um Grænbók Byggðaáætlunar lagði Fjórðungssamband Vestfirðinga áherslu á að efla yrði verkefni og markmiðsetningu í menningarmálum utan höfuðborgarsvæðis á öðrum forsendum en lagt er til í Grænbók og eru þær hér með endurteknar í umsögn um Hvítbók.

Markmið eru orðin tóm þegar eina aðgerðin sem kemur að listum er – hið ágæta verkefni C15, List fyrir alla. Vandamálið við slíka ráðstöfunar lista- og menningarframboðs utan höfuðborgarinnar er að það staðsetur landsbyggðina sem þiggjanda lista, en ekki meðvitaðan geranda og skapara. Þetta er hugmyndafræðileg afstaða (bergmálshellir) sem hefur alvarlegar afleiðingar í raunheiminum, til dæmis elur þessi afstaða á misrétti til fjölbreyttrar atvinnuþáttöku, varpar upp huglægum hindrunum á virkri þáttöku í listalífi, og kemur í veg fyrir að landsbyggðarfólk fái að spegla sig í list sem gerð er á þeirra forsendum í þeirra umhverfi. Landbyggð verður því umfjöllunarefni utanaðkomandi, en aldrei málshefjandi.

Í þessu samhengi verður að telja nauðsynlegt er að gripi verði til róttækra aðgerða til að tryggja rekstrargrundvöll atvinnulistastarfsemi utan höfuðborgarsvæðisins.

Minjavernd. Þó að minjavarsla sé inni í aðgerðaáætlun verkefni B11, þá ber einnig að nefna að sú hugmyndafræðilega afstaða að menningarlíf landsins fari þannig fram að höfuðborgin skapi list og landsbyggðin varðveiti minjar er birtingarmynd skekktrar skoðunar á getu og væntingum þeirra sem landið byggja.

Nýtt verkefni í menningarmálum.

Lagt er til að sett verði upp nýtt verkefni / aðgerð. Skapandi greinar verði sett miðlægt í byggðapróun sem sérstakt verkefni og eitt af markmiðum áætlunarinnar. Hér er mannfrek atvinnustarfsemi sem hægt er að koma af stað um land allt.

Menningarfulltrúar landshlutasamtaka hafa einnig mótað tillögur að aðgerðum á sviði menningarmála í Hvítbók. Efni aðgerðanna hafa verið kynnt fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga en vegna skamms fyrirvara hefur ekki verið fjallað um tillögurnar á stjórnarfundi, ekki er þó lagst gegn því að þær komi fram í umsögn um Hvítbók.

C 2. Brothættar byggðir, viðbót

Auka fjármagn þarf til aðgerðarinnar frá sem nú er, en fara jafnframt yfir markmið sem sett voru í upphafi og endurskoða í ljósi að reynslu.

Efling íbúa og samfélaga með íbúafundum og ná fram samstöðu þeirra er ein af stöðum Brothættra byggða. Aðrar stöðir eru aðgerðir sem stjórnvöld hafa ein tök á að leggja til verkefnanna og lagt til að hvert ráðuneyti skilgreini að lágmarki eina aðgerð í hverju verkefni. Lengja tímalengd verkefna úr þremur árum í allt að sjö ár (skoðist í samhengi við endurskoðun markmiða).

Taka verði mið að það eru ólík aðkoma og ólík viðmið verkefna byggðakjarna í fjölkjarnasveitarfélag eða verkefna þar sem um er að ræða einn þéttbýliskjarna og dreifbýli.

Nýtt verkefni Nýsköpunar- og samfélags-miðstöðvar

Að tryggja að í öllum byggðakjörnum séu starfandi nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar en með mismunandi verkefni og umfangi.

Fjölmörg dæmi eru um allt land um vel heppnaðar miðstöðvar þar sem safnað hefur verið í eina miðstöð fjölbreyttri starfsemi. Með sameiningum sveitarfélaga er fyrirsjáanlegt að fleiri fjölkjarna sveitarfélög verði til og að þau þurfi í auknum mæli að skipuleggja starfsemi sína með það í huga að dreifa starfsemi sinni. Jafnframt þarf að tryggja að íbúar í fjölkjarna sveitarfélögum eigi vettvang samstarfs og að rödd þeirra heyrast innan og utan byggðakjarnans. Með auknum fjölda starfa án staðsetningar er jafnframt mikilvægt að tryggja að aðstaða til slíks sé fyrir hendi um allt land. Slíkar miðstöðvar gætu einnig tekið við fjölbreyttum verkefnum og skapað aðstöðu fyrir frumkvöðla og fleiri.

Endurvakið verkefni C16. Vaxtarsvæði.

Mótmælt er að verkefni í gildandi byggðaáætlun C16 Vaxtarsvæði, hafi verið fellt út sem aðgerð í tillögu að Hvítbók. Í Byggðaáætlun 2018-2024 er verkefnið skilgreint.

Komið verði á fót samráðsteymum ráðuneyta, viðkomandi sveitarfélaga, Byggðastofnunar og eftir atvikum fleiri aðila fyrir þau svæði sem skilgreind eru sem vaxtarsvæði utan höfuðborgarsvæðisins, svo sem Suðurnes, suðurfirði Vestfjarða og Árnassýslu. Verkefni teymanna verði að draga fram áskoranir sem svæðin standa frammi fyrir og leiða saman lykilaðila varðandi stefnumótun og aðgerðir fyrir svæðið til lengri og skemmri tíma.

C16 verkefnið hefur í raun ekki farið af stað undir þeim formerkjum sem því var ætlað. Það varð endasleppt hvað varðar Suðurnes og Árnassýslu vegna áhrifa Covid19 heimsfaraldurs á ferðaþjónustu. Verkefninu var breytt í þá átt að verjast áfallinu og nær ekkert unnið í samráðsteymi ráðuneyta með áhrif hraðrar uppbyggingar fiskeldis á sunnanverðum Vestfjörðum.

Yfirskrift verkefnisins má hinsvegar finna í n lið aðgerða í C hluta. *Ríki og sveitarfélög verði færari um að bregðast við áskorunum sem felast í miklum og skyndilegum vexti á einstökum svæðum.* Skýrsla KPMG sem unnin var fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofu (mars 2021)¹ leiðir í ljós að vænta má mikils vaxtar í fiskeldi á næstu árum. Í skýrslunni er talið að um 640 bein störf skapist miðað við nýtingu hámarkslífmassa (framleiðsla 64.500 tonn), en 150 bein störf voru á árinu 2019 (framreiðsla 13.300 tonn).

Áætlað að um 1.850 íbúar byggi þá beint eða óbeint afkomu sína af fiskeldi en íbúar sveitarfélaga sem fiskeldi mun hafa áhrif á eru um 6.200 í dag. Hraður vöxtur er til staðar og spár um áframhaldandi vöxt liggja fyrir. Miðað við verkefnislýsinguna C16 verkefnis þá verður ekki talið óeðlilegt að aðgerð C 16 í gildandi Byggðaáætlun sé sett án tafar af stað. Samráðsteymi ráðuneyta verði því skipuð fyrir a.m.k. suðurfirði Vestfjarða og eða öll sveitarfélög á Vestfjörðum þar sem fiskeldi mun hafa áhrif. Samtímis sem aðgerðin verði tilgreind í Hvítbók Byggðaáætlun og þannig myndist samfella frá gildandi Byggðaáætlun og til nýrrar áætlunar.

Að þessu sögðu, þá verður að skoða uppbyggingu fiskeldis í ljósi neikvæðar byggðapróunar á Vestfjörðum á síðustu þrem áratugum. Hér má segja að með sjálfbærri uppbyggingu fiskeldis þá séu stjórnvöld í dauðafæri að snúa þeirri þróun við fyrir meginhluta íbúa á Vestfjörðum. Hætta er hinsvegar fyrir hendi að hraður vöxtur á stuttum tíma hafi neikvæð áhrif á sjálfbærni samfélaga og annað atvinnulíf og rýrir árangur til lengri tíma litið. Telja veður að nauðsyn á að um það mál sé fjallað í Hvítbók Byggðaáætlunar.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

¹ <https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/210301-greining-a-ahrifum-fiskeldis-a-vestfjordum.pdf>